Byggðastofnun
Þróunarsvið

*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 133/450
*komudagur* 1. 12. 2006

Dagsetning *1. desember 2006*

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á hækkun rafmagnsverðs, 5. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur eðlilegt að gerð verði úttekt á breytingum á raforkukostnaði við breytingar á skipulagi orkumarkaðarins um áramótin 2004/2005. Þar þarf að skoða hvernig orkuverð hefur breyst hjá mismunandi orkunotendum og hvernig breytingar hafa orðið á einstökum gjaldskrársvæðum. Komi í ljós að orkuverð hjá einhverjum hópum orkunotenda hafi hækkað verulega þarf að skoða hvort hægt er að koma til móts við þær hækkanir.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði*
*Byggðastofnunar*

Heimilisfang Ártorg 1 Sími 455 5400 Bréfsími 455 5499 Netfang byggdastofnun@byggdastofnun.is Heimasíða http://www.byggdastofnun.is
550 Sauðárkrókur